

Reykjavík, 8. desember 1999

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

Efni: Frv. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (200. mál).

Við er til bréfs nefndarinnar frá 23. nóvember 1999, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (200. mál). Frumvarpið var sent til umsagnar til Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Sambands íslenskra sparisjóða, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Sambands íslenskra viðskiptabanka. Samböndin þrjú ásamt Sambandi lánastofnana sem FBA á aðild að og Samtökum verðbréfafyrirtækja eru öll í nýstofnuðum Samtökum fjármálafyrirtækja. Þeim samtökum er m.a. ætlað að fjalla um sameiginleg mál af því tagi sem hér um ræðir. Að ráði varð að kalla saman starfshóp, sem skipaður var fulltrúum allra aðildarsambandanna, til að semja umsögn um mál þetta. Þótt umsögnin sé því í nafni Samtaka fjármálafyrirtækja, er þar einnig að finna afstöðu aðildarsambandanna til málsins, þ.e. Sambands íslenskra sparisjóða, Sambands íslenskra tryggingafélaga, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands lánastofnana og Samtaka verðbréfafyrirtækja.

### **1. Almenn um efni frumvarpsins.**

Í 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er nú mælt fyrir um skyldu eftirlitsskyldra aðila til að standa straum af kostnaði við starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þar er um nokkurs konar rammalöggjöf að ræða því ráðherra er ætlað að setja nánari fyriræli um fjárhæð gjaldsins og innheimtu þess í reglugerð. Full ástæða er til að ætla að álagning og innheimta eftirlitsgjaldsins á þennan hátt uppfylli ekki lágmarkskröfur stjórnarskrár um efni og form skattalaga. Í henni er skýrt tekið fram að óheimilt sé að fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann, sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja sýnist bærillega úr þessum grundvallarágöllum gildandi reglna bætt með lögfestingu frumvarpsins. Við því er framvegis að búast að Alþingi sjálf þurfi árlega að taka afstöðu til álagningarhlutfalls gjaldsins þótt önnur atriði laga um starfsemi Fjármálaeftirlitsins kalli ekki á breytingar. Er lýst eindregnum stuðningi við það að mæla fyrir um eftirlitsgjaldið í sérstökum lögum. Jafnframt styðja samtökin fyrirhugaða breytingu á 16. gr. laga nr. 87/1998 á þann veg að þar verði látið nægja að kveða almennum orðum á um skyldu eftirlitsskyldra aðila til að kosta Fjármálaeftirlitið en vísa að öðru leyti til sérstakra laga um það efni.

## 2. Athugasemdir við einstakar greinar.

Þessu frumvarpi er fyrst og fremst ætlað að skjóta styrkari lagastoðum undir eftirlitsgjaldið og innheimtu þess. Ekki á að hverfa frá þeim meginsjónarmiðum sem gilt hafa um gjaldið og ákvörðun þess. Er það raunar áréttað í athugasemdum með frumvarpinu. Samkvæmt lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu skylt að leita álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar næsta ár. Í reglugerð nr. 777/1998 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hefur efni lagaákvæðis þessa verið þrengt, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þar segir að stjórn Fjármálaeftirlitsins skuli einungis senda samráðsnefndinni áætlun um heildarlaunakostnað, húsnæðiskostnað og samandreginn annan kostnað úr rekstraráætluninni. Reglugerðarákvæði þetta er þannig úr garði gert að samráðsnefndinni hefði verið með öllu ókleift að sinna lögbundnu hlutverki sinu hefði ákvæðinu verið haldið til streitu af stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar er áfram gert ráð fyrir því að samráðsnefndin gefi álit sitt á árlegum áætlunum Fjármálaeftirlitsins um rekstrarumfang stofnunarinnar. Í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins segir að fyrir 15. september ár hvert skuli Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í 2. mgr. 2. gr. segir að skýrslunum skuli fylgja álit samráðsnefndar á áætluðu rekstrarumfangi. Jafnframt segir þar að viðskiptaráðherra kveði í reglugerð á um skipan og starfshætti samráðsnefndar.

Í 7. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er mælt fyrir um samráðsnefndina. Eru engin áform uppi um að breyta þeirri lagagrein, hvorki í þessu frumvarpi né í því frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi og snýr að ýmsum breytingum á lögum um framkvæmd fjármálaeftirlits, þ.e. 199. mál. Í 7. gr. kemur fram að ráðherra skuli setja fyllri ákvæði um nefndina og skipan hennar í reglugerð. Sýnist því með öllu óþarft og raunar til ógagns að mæla enn og aftur fyrir um reglugerðarheimild ráðherra um starfsemi samráðsnefndar. Er því lagt til að 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði felldur niður. Til að tryggja að samráðsnefndin geti rækt hlutverk sitt er lagt til að í stað hans komi nýr málslíður. Jafnframt er lögð til breyting á 1. málslíð til að tryggja að stjórn Fjármálaeftirlitsins fjalli um álit samráðsnefndarinnar. Hljóði 2. mgr. 2. gr. því svo í heild sinni (breytingartillaga samtakanna er undirstrikuð): „Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því álit. Stjórn Fjármálaeftirlitsins skal eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda samráðsnefndinni upplýsingar um rekstraráætlun næsta árs og skulu helstu liðir sundurliðaðir á þann veg að nefndin geti tekið afstöðu til áætlaðs umfangs á starfsemi stofnunarinnar hverju sinni“.


## 3. Niðurstaða.

Samtök fjármálafyrirtækja mæla með því að frumvarp þetta verði samþykkt en þó með þeim breytingum sem hér að framan hefur verið lýst. Fulltrúar samtakanna og einstakra aðildarsambanda þess eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að ræða málefnið frekar, sé þörf talin á því.


Loks benda samtökin á að i gildistökuákvæði laga nr. 87/1998 er kveðið á um að viðskiptaráðherra skuli gangast fyrir endurskoðun á gjaldaákvæðinu í 16. gr. þeirra laga fyrir 1. janúar 2002. Samtökin telja sig hafa viljrði viðskiptaráðuneytisins fyrir því að þessi endurskoðun muni hefjast strax á næsta ári og ætti hún að snúast álagningar-

hlutföll og álagningarstofna. Af hálfu samtakanna er litið svo á að setning sérstakra laga um eftirlitsgjaldið, þ.e. 200. mál, komi að engu leyti í stað þessarar endurskoðunar. Þvert á móti leggja samtökin mikla áherslu á að hún fari sem fyrst fram og óska eftir því að þingnefndin taki málið upp við fulltrúa ráðuneytisins þegar fjallað verður um frumvarpið og geti þess í nefndaráli.

Virðingarfyllst,



Halldór J. Kristjánsson,  
formaður



Finnur Sveinbjörnsson